


Pétur Ingi Haraldsson,  
skipulagsfulltrúi Árnæssýslu og Flóahrepps  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. október 2009  
Tilvísun: UST20090700116/áb

### Tillaga að breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis virkjunar á Nesjavöllum


Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis virkjunar á Nesjavöllum, dagsett 21. júlí 2009. Framvísuð gögn eru deiliskipulagsuppráttur og greinargerð / Umhverfisskýrsla.

Helstu breytingar á deiliskipulagi eru breytingar á stærð fjögurra borsvæða, breytt afmörkun á niðurrennslissvæði, nýr byggingarreitur austan heimreiðar og stöðvarhús fyrir kæliturn.

Umhverfisstofnun gaf þann 21. ágúst sl. umsögn varðandi matsskyldu framkvæmda sem er lýst í framangreindri tillögu að breytingu á deiliskiplagi. Umhverfisstofnun taldi "ekki likur á að umhverfisáhrif fyrirhugaðra breytinga á landslag, ásýnd, vatn og gróður verði veruleg og því er framkvæmdin ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif".

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er tilgreint í framvísuðum gögnum að deiliskipulagssvæðið er innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns, sem er skilgreint samkvæmt lögum nr. 85/2005 um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, og hefur þann tilgang að stuðla að verndun lífríkis stöðuvatnsins. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem deiliskipulagið nær til vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns telur stofunin að vísa ætti til ákvæði laganna í deiliskipulaginu, t.d. að óheimilt sé að gera nokkuð sem spillt getur vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatni og grunnvatni. Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 4. gr. reglugerðar um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006 er óheimilt að skipuleggja iðnaðarsvæði og annað það sem spillt getur vatni eða lífríki Þingvallavatns.

Virðingarfyllst  
Ásgeir Björnsson  
sérfræðingur

  
Olafur A. Jónsson  
deildarstjóri